

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð gigtveikra barna.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarsstofnunin heitir Styrktarsjóður gigtveikra barna og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins er í sveitarfélaginu Reykjavík.

3. gr.

Markmið og tilgangur.

Markmið sjóðsins er að bæta lífsgæði gigtveikra barna og fjölskyldna þeirra með því að styrkja með fjárfamlögum börn sem greinst hafa með gigtarsjúkdóma. Styrkurinn skal nýtast til tómstundastarfs, hjálpartækjakupa og til annarra sjálfstæðra verkefna, sem nýtast styrkþegum.

Í sjóðinn er hægt að sækja um styrk í nafni allra barna á aldrinum 0 til 18 ára með lögheimili á Íslandi, sem greinst hafa með gigtarsjúkdóma. Forráðamaður barnsins verður að vera félagsmaður í Gigtarfélagi Íslands og skuldraus við félagið.

4. gr.

Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er Gigtarfélag Íslands, kt. 670478-0769, Ármúla 5, Reykjavík, með stofnfé að fjárhæð kr. 1.083.000.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.083.000, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má aldrei skerða, en vöxtum, gjöfum, áheitum og öðrum tekjum sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við markmið og tilgang sjóðsins, sbr. 3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnframlag og aðrar tekjur eins og þær eru bókfærðar í árslok hverju sinni. Ekki má skerða höfuðstólinn við úthlutun styrkja það mikið að ekki standi ávallt eftir að minnsta kosti kr. 1.083.000 og að sú fjárhæð haldi ávallt verðgildi sínu á hverjum tíma. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í sjóðnum.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm einstaklingum, tveimur fulltrúum úr aðalstjórn GÍ, tveimur fulltrúum skipuðum af foreldrahópi barna með gigt og einum oddamanni sem starfar í heilbrigðisgeiranum skipuðum af foreldrahópurnum. Á hverju ári fyrir lok júnímánaðar skal aðalstjórn Gigtarfélags Íslands og foreldrahópurinn skipa einn fulltrúa hvor um sig í stjórn til tveggja ára. Á sama tíma skal foreldrahópurinn skipa oddamanninn til eins árs. Hver fulltrúi skal ekki sitja í stjórn lengur en 6 ár.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Nr. 367

2. apríl 2014

Árlega úthlutar stjórn styrkjum að undangenginni auglýsingu. Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður úthlutun eða fjölda úthlutunum, enda sé sú ákvörðun rökstudd í gerðabók sjóðsins.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórn er heimilt að útbúa sérstakar reglur um úthlutun, s.s. hvenær úthlutun fer fram, auglýst, hvaða skilmálar fylgja styrkveitingu o.s.frv.

8. gr.

Fjárvörslur.

Aðalstjórn Gigtarfélags Íslands ber ábyrgð á fjárvörslu. Skylt er að ávaxta fjármuni sjóðsins á öruggan og sem hagkvæmastan hátt.

9. gr.

Endurskoðendur.

Löggiltur endurskoðandi Gigtarfélags Íslands endurskoðar reikninga sjóðsins og áritar þá.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykktu, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki og aðalstjórn Gigtarfélags Íslands. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 2. apríl 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrímsdóttir.